

MS - félag Íslands

- fundargerð aðalfundar 2016 -

Aðalfundur MS – félagsins var haldinn þann 7. maí 2016 kl. 13.00 að Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Fundinn sátu 25 félagsmenn.

Fundarstjóri : Karl Steinar Guðnason

Fundarritari : María H. Þorsteinsdóttir

Fundarefni :

1. Skýrsla stjórnar.

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, greindi frá öflugu starfi félagsins árið 2015. Þar má nefna ýmiskonar fræðslu svo sem námskeið fyrir nýgreinda, maka og börn MS fólks og útgáfu tímarits og fræðsluefnis. Heimasíða félagsins er notuð til að kynna fréttir og upplýsingar um sjúkdóminn. Lögð er áhersla á að kynna ný lyf og lyfjarannsóknir. Félagið hefur einnig fésbókarsíðu.

Þjónusta fyrir MS fólk var með líku sniði og áður þ.e. félagsráðgjöf, námskeið í núvitund, jafnvægisþjálfun, reiðnámskeið og yoga. Einnig fór fram páskabingó, jólaball, fræðslu- og skemmtifundur með Heiðari snyrti og hátíð á alþjóðlega MS-deginum.

Fulltrúar félagsins heimsóttu Akureyri í september með fræðslu fyrir MS fólk og aðstandendur.

Starfið felst einnig í fjáröflun. Fastir tekjustofnar eru félagsgjöldin. Framlag ríkis og borgar var kr. 2.250.000 á árinu, nokkuð minna en á síðasta ári. Sala jólakorts með mynd eftir Eggert Pétursson, sala á jólaskrauti og símasöfnun skilaði tekjum svo og styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum. Styrktarhlaup Flensborgarskóla var á árinu til styrktar ungu fólki með MS og ákvað félagið í kjölfar þess að stofna sérstakan námsstyrktarsjóð fyrir ungt fólk með MS.

Félagið er virkt í norrænu samstarfi. Heiða Björg Hilmisdóttir er varaformaður NMSR. Á þessu ári tekur MS-félag Íslands við formennsku í norrænu samtökunum. Í ljósi þess hefur verið ráðinn starfsmaður, Helga Kolbeinsdóttir, til að sinna því verkefni. Félagið tekur einnig þátt í Evrópu- og alþjóðasamstarfi MS-félaga.

2. Endurskoðaður ársreikningur.

Bergþóra Bergsdóttir, gjaldkeri, kynnti ársreikning 2015 sem samþykktur og áritaður er af stjórn og óháðum endurskoðanda og félagskjörnum skoðunarmanni. Eigið fé og skuldir námu í árslok 222 milljónum króna. Hagnaður ársins nam 7,6 milljónum króna og hækkaði um tæplega 7 milljónir á milli ára; tekjur jukust um 5 milljónir og kostnaður lækkaði um tæplega 2 milljónir. Handbært fé var í lok ársins 10 milljónum herra en var í árslok 2014.

Einn starfsmaður var á launum hjá félaginu 2015 en mikil sjálfbóðaliðavinna var innt af hendi.

Hækkun tekna skýrist af gjafaframlagi frá nafnlausum gefanda, meiri innkomu vegna Reykjavíkumaraþons og kvöldsöfnunar.

Bergþóra útskýrði nokkra kostnaðarliði, s.s. að þrátt fyrir að kostnaður vegna námskeiða lækki á milli ára, hafi verið gefið í, þar sem félagið hætti að styrkja jafnvægis- og styrktarnámskeið félagsins og Reykjalundar eftir að sjúkrabjálfunarstofan Styrkur tók við verkefninu og námskeiðið nú niðurgreitt af Sjúkratryggingum; kostnaður vegna kvöldsöfnunar jókst í samræmi við hærri innkomu vegna söfnunarinnar; kostnaður vegna fjáröflunar um jól lækkar á milli ára vegna gjaldfærslu alls kostnaðar vegna jólaskrauts sem keypt var 2014 en selt 2014 og 2015 og annar kostnaður hækkar á milli ára vegna kaupa á nuddbekk og framleiðslu á höfuðbuffum með merki félagsins.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Spurt var um ráðningu Helgu Kolbeinsdóttur og svaraði Berglind því að hún væri ráðin sem ritari norrænu MS-samtakanna, en einnig sem starfsmaður MS-félags Íslands. MS-félagið tekur við formennsku NMSR til tveggja ára og fylgir fjármagn með til ráðningar starfsmanns.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru síðan borin undir atkvæði og voru hvort um sig samþykkt samhljóða.

4. Árgjald félagsins.

Stjórnin mælti með óbreyttu árgjaldi, kr. 2500 og var það samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar á 5. og 9. grein laganna bárust frá Kristjáni Einari Einarssyni. Kristján gerði grein fyrir tillögum og var fyrst fjallað um 9. grein. Greinin er nú svohljóðandi :

“Stjórn félagsins skipa 5 menn og 2 til vara; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi og tveir varamenn. Allir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára. Tveir til þrjú stjórnarmenn eru kosnir hverju sinni og einn varamaður. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.”

Tillaga Kristjáns var : Fyrsta setningin óbreytt, en síðan : *“Formaður er kosinn á hverju ári en aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára. Tveir stjórnarmenn eru kosnir hverju sinni og einn varamaður”*. Síðasta setning óbreytt. Helsti rökstuðningur var að með þessu væri hægt að skipta um formann eftir eitt ár ef óánægja væri með hann.

Laganefnd hafði fjallað um tillögurnar og beðið Björgu Ástu Þórðardóttur að kynna niðurstöður nefndarinnar. Nefndin mælti með því að halda 5. greininni óbreyttri. Það tekur formann vissan tíma að koma sér inn í starfið og tvö ár eru því æskilegri stjórnartími, skapar meiri stöðugleika í félaginu og minna álag á starfsmenn skrifstofu enda hafa mörg félög tekið þennan hátt upp. Ef óánægja ríkir er möguleiki skv. 7. grein laganna á að halda aukaáðalfund.

Breytingartillaga á 9. grein var felld með miklum meirihluta atkvæða.

5. grein laganna hljóðar svo:

“Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í október ár hvert. Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað bréflega og/eða með auglýsingu í dagblöðum með í það minnsta tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá aðalfundar tilgreind í fundarboði. Framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir aðalfund og hafa greitt árgjald til félagsins. Hver atkvæðisbær félagsmaður hefur eitt atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.”

Breytingartillaga Kristjáns var svohljóðandi:

Fyrsti hluti greinarinnar standi óbreyttur þ.e. *“Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í október ár hvert. Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað bréflega og/eða með auglýsingu í dagblöðum með í það minnsta tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá aðalfundar tilgreind í fundarboði.”*

Setningarnar “Framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir aðalfund og hafa greitt árgjald til félagsins.” verði felldar úr.

Eftir það komi breytingin: *“Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir sem eru með MS-sjúkdóminn eða umþjóðendur þeirra og skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir aðalfund og hafa greitt árgjald til félagsins.”* Síðasta setning greinarinnar haldist óbreytt þ.e. *“Hver atkvæðisbær félagsmaður hefur eitt atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.”*

Nokkrar umræður urðu um þessa breytingatillögu. Svo fyrst sé fjallað um liðinn sem varðar það að tilkynna framboð með viku fyrirvara kom fram í máli Kristjáns að fólk vissi ekki fyrir hvað framþjóðendur stæðu. Álit laganefndar var að faglegra væri að hafa framboðsfrest og hægt væri að kynna framboð á heimasíðu. Ekki væri mælt með því fyrirkomulagi að þjóða fram á aðalfundinum því slíkt byði oft upp á hreina upplausn. Garðar Sverrisson benti á að engar reglur væru gallalausar og lagði hann til að laganefnd ræddi málið betur. Sum félög styðjast við þá reglu að 2/3 aðalfundar geti samþykkt að leyfa framboð á aðalfundi. Mikilvægast væri þó að kynning væri á því hverjir væru í framboði. Sigurbjörg Ármannsdóttir stakk upp á að hægt yrði að kynna sér framboð á heimasíðunni og Bergþóra Bergsdóttir sagði lítið mál að birta framboð tveimur vikum fyrir aðalfund, sem gæfi þá kost á að koma með móttframboð viku fyrir fundinn. Ingveldur Jónsdóttir stakk upp á að atkvæðisrétt á aðalfundi hefðu þeir sem væru skráðir félagsmenn í árslok fyrir aðalfund.

Þessi liður breytingartillögunnar var felldur með miklum meirihluta atkvæða.

Hitt atriðið sem fjallaði um atkvæðisrétt var einnig mikið rætt. Aðalrökstuðningur Kristjáns var að óeðlilegt sé að aðrir en þeir sem hafa MS ráði starfi félagsins; benti hann á að t.d. á aðalfundinum væru margir sem hefðu ekki sjúkdóminn. Álit laganefndar var að útilokun aðstandenda og annarra gæti veikt félagið og leitt til minni stuðnings; félagsmönnum gæti fækkað og þar með

myndu styrkir lækka, t.d. greiðslur frá ÖBÍ, og fjáröflun yrði erfiðari. Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður félagsins og móðir ungs manns með MS, tjáði sig sem aðstandandi sem situr í stjórn. Hún sagði félagið veita aðstandendum mikinn stuðning og finnst mikilvægt að geta gefið tilbaka; hún telur neikvætt að útiloka aðstandendur og sér ekki að unnið sé gegn fólki með MS á neinn hátt, en sagðist annars fús til að segja sig úr stjórninni. Björg Ásta Þórðardóttir taldi breytinguna myndu verða skýr skilaboð til aðstandenda og annarra að þeir séu ekki velkomnir. Garðar Sverrisson benti á að í sumum félögum væri regla um að ákveðinn meirihluti væri með viðkomandi sjúkdóm eða fötlun eða þess gætt að álit aðstandenda eða áhugafólks ráði ekki úrslitum um málefni. Mögulegt sé einnig að aðgreina aðalmeðlimi og styrktarmeðlimi. Hann taldi nauðsynlegt að ræða áfram um útfærslu ef þessi breyting yrði tekin upp. Hann spurði Kristján hvort meiningin með tillögunni hefði verið að útiloka einhverja. Kristján svaraði því að meiningin með tillögunni hafi ekki verið að útiloka neinn, en ítrekaði að fólk með MS eigi að ráða. Hann dró þennan lið breytingartillögunnar til baka en lagði til að laganefnd fjallaði betur um þetta efni. Á hinum Norðurlöndunum hafa félagsmenn, hvort sem það eru sjúklingar eða aðstandendur/styrktaraðilar/aðrir atkvæðisrétt á félagsfundum.

Kristján hafði sent inn framboð til formanns en dró það til baka þegar fram kom að formaður ætti ár eftir af formannstíð sinni.

Berglind sagði umræðurnar um breytingatillögunar verða ræddar á stjórnarfundum.

6. Kosning stjórnar.

Formaður á eitt ár eftir af sínum kjörtíma og situr Berglind Guðmundsdóttir því áfram.

Bergþóra Bergsdóttir hættir í stjórn vegna hámarkstíma í stjórn, en Gunnar Felix Rúnarsson og Ólína Ólafsdóttir sitja áfram. Heiða Björg Hilmisdóttir og Ingveldur Jónsdóttir gáfu kost á sér í aðalstjórn og var það samþykkt samhljóða.

Björg Ásta Þórðardóttir situr áfram sem varamaður og Lára Björk Bender gaf kost á sér. Berglind kynnti hana þar eð hún komst ekki á fundinn og sagði hana vera góðan fulltrúa unga fólksins í stjórn. Kosningin var samþykkt.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Margrét Flóvens, lögg. endurskoðandi KPGM og Valdimar Leó gáfu kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

8. Kosning þriggja fulltrúa á aðalfund ÖBÍ.

Aðalmenn voru kosnir: Garðar Sverrisson, Ingveldur Jónsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir. Varamenn: Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir og Ólína Ólafsdóttir. Samþykkt samhljóða.

9. Kosning nefnda.

a) Laganefnd: Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason og Sigríður Jóhannesdóttir gáfu kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

b) Ritnefnd : Páll Kristinn Kristinsson, ritstjóri; Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Dagbjört Anna Gunnarsdóttir (Akureyri) og Sigurbjörg Ármannsdóttir voru kosin í ritnefnd.

c) Funda- og fræðslunefnd : Berglind Guðmundsdóttir, Berglind Björgúlfsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Helga Káradóttir, Ólína Ólafsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir og Vigdís Ingólfssdóttir gáfu kost á sér. Berglind formaður sagði að þeir sem mestan þátt hafa átt í starfinu hafi verið tilnefndir, en benti á að nefndin væri mjög opin. Góðar hugmyndir eru því velkomnar svo og þeir sem vilja leggja félaginu lið.

10. Önnur mál.

Enginn bað um orðið undir þessum lið.

Lokaorð : Formaður þakkaði stjórn og skrifstofustjóra gott starf á árinu. Sérstakar þakkir fékk Bergþóra Bergsdóttir fyrir ótrúlega þróttmikið starf. Þakkir til fundarmanna, fundarstjóra og fundarritara. Boðið upp á kaffi og með því og áframhaldandi spjall.

Fundi slitið kl. 14.45